

Umsóknarferlið

1. Skoðun á íbúð / Opið hús

Alma auglýsir allar lausar íbúðir á heimasíðu sinni www.al.is. Ef þú hefur áhuga á að skoða íbúð sem Alma auglýsir, biðjum við þig um að senda okkur tölvupóst á al@al.is með upplýsingum um íbúðina sem þú hefur áhuga á að skoða og við setjum upp tíma með þér sem allra fyrst.

2. Umsókn um íbúð

Ef þú hefur áhuga á að taka íbúð á leigu sem Alma hefur til umsýslu, biðjum við þig um að senda okkur formlega umsókn í gengum umsóknarvef okkar, <http://www.al.is>

Með umsókninni biðjum við þig um að skila inn eftirfarandi gögnum:

- **Staðfestingu á atvinnu**, skólavist og/eða fjárhagslegri aðstoð.
- **Meðmælum** frá fyrri leigusala hafir þú verið á leigumarkaði áður.
- **Lánshæfismati Credit info**, sem sótt er á www.creditinfo.is
- **Sakavottorð** fyrir alla íbúa eldri en 18 ára

Þegar öllum umsóknargögnum hefur verið skilað er umsóknin tekin til skoðunar.

3. Umsókn samþykkt

Greiða þarf **staðfestingar- og umsýslugjald** kr. 39.900 innan 24 klst frá úthlutun íbúðar. Krafa er send í heimabanka um leið og umsóknin er samþykkt. Ef krafan er ekki greidd fyrir tilsettan tíma, verður hún felld niður og öðrum aðila verður boðið að leigja umrædda íbúð.

Athugið að staðfestingargjaldið fæst **ekki endurgreitt** ef viðkomandi hættir við að leigja íbúðina.

4. Trygging

Þegar staðfestingargjald hefur verið greitt þarf að leggja fram **tryggingu** en fjárhæð hennar fer eftir hvaða tegund tryggingar er valin.

- **Tryggingarfé** – Trygging sem samsvarar tveggja mánaða leigu.
- **Bankaábyrgð, Leiguskjól eða Leiguvernd** – trygging sem samsvarar þriggja mánaða leigu.

5. Áreiðanleikakönnun

Áður en að leigusamningur er undirritaður fyrir hönd Ölmur þurfa viðskiptavinir að fylla út áreiðanleikakönnun.

6. Leigusamningur

Þegar trygging hefur verið lögð fram og áreiðanleikakönnun kláruð munum við bjóða þér að skrifa undir leigusamning. Byrjunardagsetning leigusamnings er ákveðin í samkomulagi við leigjanda. Við undirritum alla leigusamninga rafrænt.

7. Afhending íbúðar

Lyklar eru afhentir á þeim degi sem samningur hefst. Fyrir afhendingu er framkvæmd úttekt á íbúðinni sem höfð er til hliðsjónar þegar íbúðinni er skilað að leigusamningi loknum.

8. Greiðsla leigu

Leiga er greidd fyrirfram, einn mánuð í einu. Við sendum út greiðsluseðla rafrænt en hægt er að senda greiðsluseðil með bréfpósti sé sérstaklega óskað eftir því.

Hafðu samband

Hafir þú einhverjar spurningar eða vilt koma ábendingum á framfæri getur þú haft samband við okkur með því að senda okkur tölvupóst á al@al.is eða hringt til okkar í síma 519-6450.

Þá ertu einnig velkomin til okkar í heimsókn á skrifstofu okkar sem staðsett er í Sundagarðum 8. Þá minnum við einnig á heimasíðuna okkar, www.al.is en þar er hægt að finna hagnýtar upplýsingar.

Hlökkum til að heyra frá þér!